

Ársfundur Kolviðar árið 2014

Skýrsla stjórnar um starfsemi liðins árs.

Á þessum fundi vill stjórn Kolviðar kynna störf sjóðsins á liðnu ári sem og fjárhagslega stöðu hans.

Það er sem fyrr mikilvægt að fullt traust ríki á milli Kolviðar og þeirra sem nýta þjónustu hans til kolefnisjöfnunar á losun sinni. Það á að vera keppikefli okkar að sjóðurinn nýti vel það fé sem honum er falið til að kolefnisjafna með skógrækt.

Sem fyrr eru verk Kolviðar undir eftirliti Íslenskrar skógarúttektar hvað varðar kolefnisbindingu og KPMG eru ytri endirskoðendur sjóðsins auk þess fylgist Ríkisendurskoðun með starfsemi sjóðsins eins og lög kveða á um.

Ellefu lögaðilar kolefnisjafna nú starfsemi sína og þarf að gróðursetja um 24.000 tré á árinu til þess að jafna 2500 tonna losun þeirra.

Við erum mjög ánægð með samstarfið við þessi fyrirtæki og vil ég nota tækifærið hér og þakka fulltrúum þeirra sem hér eru fyrir framlag þeirra sem er mikilvægt og sýnir ábyrga afstöðu til umhverfismála.

Ekki þurfti að planta á liðnu sumri þar sem um umframlöntun var að ræða árin á undan. Svæðið á Geitasandi var kortlagt í sumar til að auðvelda Íslenskri skógarúttekt að stunda þar rannsóknir og hafa þeir nú mælt kolefnisbindingu á völdum stöðum og er skýrslu að vænta á næstunni.

Samskonar mælingar verða síðan endurtekna á fimm ára fresti til þess að fylgjast með bindingunni.

Nú á haustdögum er áformað að planta í svæði þar sem plöntur hafa ekki komist á legg en gert er ráð fyrir slíku í skipulagi okkar.

Unnið er að aðstöðusköpun á Geitasandi með því að laga veg að svæði þar sem hægt verður að setjast niður og njóta skóarins þar verða settir bekkir og settar verða upp flaggstangir og skilti með merkingum. Þegar þessu er lokið má segja að framkvæmdum á svæðinu sé að mestu lokið og við taki um 80 ára uppvöxtur um 340.000 trjáa og umhirða þeirra.

Skógurinn verður opinn almenningi þannig að ferðaþjónustufyrirtækin geta nýtt hann til þess að sýna ferðamönnum hvernig þau takast á við kolefnisjöfnun losunar sinnar og um leið að leggja landinu lið með bindingu á sandi sem áður angraði þá sem næstir bjuggu.

Nú er unnið að skipulagi svæðis í landi Úlfliótsvatns og samningagerð við landeigenda sem er Skólgræktarfélag Íslands. Plöntun ætti að hefjast á svæðinu næsta vor.

Rekstrarreikningur ársins 2013

	Skýr.	2013	2012
Rekstrartekjur			
Kolefnisjöfnun		4.291.080	2.360.963
Rekstrargjöld			
Kostnaður og breyting skuldbindingar vegna gróðursetningar	2	2.409.657	(1.150.595)
Annar rekstrarkostnaður	3	1.798.392	1.397.770
Afskriftir	1,4	182.403	0
		4.390.452	247.175
(Rekstrartap) -hagnaður fyrir fjármagnsliði		(99.372)	2.113.788
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur		286.290	270.990
Hagnaður ársins		186.918	2.384.778

Efnahagsreikningur 31. desember 2013

	Skýr.	2013	2012
Eignir			
Hugbúnaður		912.016	0
Fastafjármunir samtals	1,4	912.016	0
Birgðir	5	1.948.061	2.360.987
Víðskiptakröfur og aðrar kröfur	6	2.265.719	1.723.260
Handbært fé		12.102.654	11.682.158
Veltufjármunir samtals		16.316.434	15.766.405
Eignir samtals		17.228.450	15.766.405
Eigið fé			
Stofnframlag		647.000	647.000
Tryggingasjóður		1.211.430	996.876
Óráðstafað eigið fé		3.515.464	3.543.100
Eigið fé samtals	7	5.373.894	5.186.976
Langtímaskuldbindingar			
Skuldbinding vegna gróðursetningar	8	6.735.878	10.405.529
Skuldir			
Skammtímaskuldbinding vegna gróðursetningar	8	4.442.625	147.847
Aðrar skammtímaskuldir		676.053	26.053
Skammtímaskuldir samtals		5.118.678	173.900
Eigið fé og skuldir samtals		17.228.450	15.766.405

Seld kolefnisjöfnun og gróðursetning

	2013	2012
Seld kolefnisjöfnun í tonnum CO2	1.864	1.180
Seldur fjöldi plantna	17.511	11.089
Gróðursett á árinu fjöldi plantna	16.905	0
Gróðursett í hekturum	7	0
Óseld gróðursetning í árslok - fjöldi plantna	31.023	31.629

Í sjónvarpinu hefur verið þáttur um plánetuna okkar og áhrif losunar CO2 sem sest í lofthjúpin og dregur að sér hita með þeim afleiðingum að hitinn á jörðinni vex sveiflur í verðufari aukast og gæti svo farið að hér yrði vart byggilegt ef ekki verður unnið gegn þessu. Áhugavert fannst mér að sjá að eldfjöll sem losa umtalsvert af gróðurhúsalofttegundum, sem við verðum áþreifanlega vör við þessa dagana, losa þó aðeins um 2% af heildarlosuninni. Íbúar jarðarinnar losa hin 98%.

Eins og ég gat um áðan þá erum við að leggja drög að því að kolefnisjafna um 2.500 tonn af losun þessa árs hér, af um 4,5 milljónum tonna heildarlosun frá Íslandi. Þar af losar iðnaður um 2,1 milljón tonn, samgöngur um 860.000 tonn og sjávarútvegur um 540.000 tonn. Það er því talsvert verk framundan þó svo að stór hluti bílaflotans yrðu rafbílur, því stefnt er að því að minnka þessa losun um 30% fram til 2020.

Ég hef haldið því fram að þrýstingur til úrbóta muni koma frá neytendum sem velja vörur og að eiga viðskipti við fyrirtæki sem skilja eftir sem minnst sótspor. Þetta kostar fyrirtækin eitthvað og það fer eflaust út í verðlagið en ég tel að neytendur verði tilbúnir til að taka það á sig til að verja umhverfi sitt og barna sinna.

Kolviður vill eins og kostur er styðja þau fyrirtæki sem sýna samfélagslega ábyrgð með kolefnisbindingu í því að gera markaðinum það kunnugt. Við ætlum hér á eftir að gefa okkur tíma til þess að ræða með hvaða hætti við getum gert þetta.

Stjórn

Eigendur sjóðsins skipa stjórnarmenn til þriggja ára.

Þeir eru nú frá Skógræktarfélagi Íslands Magnús Gunnarsson form. félagsins og Einar Gunnarsson starfsmaður þess og frá Landvernd eru Guðmundur Ingi Guðbrandsson framkvæmdastjóri félagsins og Anna G Sverrisdóttir stjórnarmaður. Saman skipa þessir aðilar einn óháðann stjórnarmann og skipar Reynir Kristinsson það sæti nú.

Endurskoðendur

KPMG hafa verið endurskoðendur sjóðsins og hefur það samstarf gengið vel en það er mikilvægt að vel sé haldið utan um allar skuldbindingar sjóðsins og breytingar á þeim.

Samþykkt hefur verið að KPMG annist endurskoðun sjóðsins fyrir árið 2014.

Ríkisendurskoðun fær reikninga sjóðsins og ber henni að fylgjast með starfsemi hans.

Eftirlit með ræktuninni hefur verið í höndum Einars Gunnarssonar og starfsmanna á Mógilsá.

F. h. stjórnar Kolviðar, Reynir Kristinsson